

Nefndarsvið Alþingis,

Þingskjal 257 — 239. Mál. Þingsályktunartillaga um aðgengi einstaklinga sem ferðast til Íslands að þungunarrofi.

Ég heiti Gunnhildur og er 18 ára, og var svo heppin að fæðast á Íslandi þar sem þungunarrof er leyfð. Ef sá dagur kæmi að ég þyrfti að nýta mér þá þjónustu, væri ég endalaust þakklát fyrir að búa á Íslandi. Ég hins vegar hefði líka alveg getað fæðst í Póllandi og ef sá dagur kæmi þar sem ég þyrfti að nýta þessa þjónustu, yrði ég afar þakklát ef annað land gæti veitt mér hjálparhönd, því í Póllandi hafa mannréttindi kvenna verið skert.

Aðgangur að fóstureyðingu er mikilvægur, og sjálfsákvörðunarréttur kvenna eitthvað sem þarf alltaf að vernda. Það veldur mér ótta að Pólland sé að skerða þennan rétt, því önnur lönd gætu fylgt í kjölfarið. Mér finnst þess vegna mikilvæg að lönd sem hafa ákveðið að virða sjálfsákvörðunarrétt kvenna sýni sterka viðspyrnu og aðstoði pólskar konur.

Ísland er hluti af mörgum alþjóðasamningnum um baráttu gegn ofbeldi gegn konum (Istanbúlsamningur, kvennasáttmáli SD), þar sem er tekið fram réttur kvenna til heilbrigðisþjónustu. Þessir samningar og loforð þýða ekkert ef við snúum baki á konur núna. Okkar loforð og gildi um jafnrétti verður að skína sem ljós, og aðstoða önnur lönd í áttinni að jafnrétti.

Ég vil taka fram að ég fjallaði um málið á TikTok og samfélagsmiðlum (<https://www.tiktok.com/@guggarugga/video/6895892287574838530>) og myndbandið komið með næstum 10.000 áhorf. Ungu fólki er annþ um sjálfsákvörðunarrétt pólskra kvenna, og allra kvenna.

Ég vil að málið fari í forgang, og hvet meðlimi velferðarnefndar að koma því í gegn.

Virðingarfyllst,

Gunnhildur Fríða Hallgrímsdóttir,

Kt:0105022760

Netfang: gunnhildurfrida@gmail.com